

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Gísla Rafni Ólafssyni um málsmeðferðartíma kynferðisbrotamála.

Við vinnslu fyrirspurnarinnar var óskað eftir upplýsingum frá embættum ríkislögreglu-
stjóra og héraðssaksóknara.

1. *Hversu langan tíma tók hver rannsókn brots hjá lögreglu sem féll undir kynferðisbrota-
kafla (XXII. kafla) almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, frá því að brot var tilkynnt og
þar til lögregla lauk rannsókn? Óskað er eftir tölfræði fyrir árin 2022 og 2023 sundur-
liðað eftir því hvort brotþoli var barn eða fullorðinn einstaklingur.*

Ekki reyndist unnt að taka saman þær upplýsingar sem óskað er eftir í 1. tölul. fyrirspurn-
arinnar vegna umfangs þeirrar vinnu sem það hefði í för með sér. Þar af leiðandi er tekinn
saman meðalmálsmeðferðartími viðkomandi brota sem finna má í svari við 2. tölul. fyrir-
spurnarinnar.

2. *Hver var meðalmálsmeðferðartími rannsókna brota hjá lögreglu sem féllu undir XXII.
kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, frá því að brot var tilkynnt og þar til lög-
regla lauk rannsókn? Óskað er eftir tölfræði fyrir árin 2022 og 2023 sundurliðað eftir
því hvort brotþoli var barn eða fullorðinn einstaklingur.*

Hér að aftan eru teknar saman upplýsingar um málsmeðferðartíma mála hjá lögreglu í
brotum sem falla undir kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, árið 2022
og frá janúar til september 2023 eins og þau birtast í málaskrárkerfi lögreglu (LÖKE). Sam-
kvæmt upplýsingum frá embættunum er skráning í málaskrárkerfi lögreglu með þeim hætti
að ekki er með auðveldum hætti hægt að taka út upplýsingar um aldur brotþola. Því er ekki
hægt að sundurliða málsmeðferðartímamann sem fyrirspurnin lýtur að eftir því hvort brotþoli
var barn eða fullorðinn einstaklingur. Þegar vísað er til kynferðisbrota gegn börnum í um-
fjöllun og tölfræði hér er því átt við brot gegn 200.–202. gr. og 204. gr. almennra hegningar-
laga.

Meðfylgjandi tölfræði er varðar kynferðislega áreitni og blygðunarsemisbrot tekur til bæði
ungra og fullorðinna brotþola en brot gegn 199. gr. almennra hegningarlaga getur beinst
gegn bæði fullorðnum og börnum á aldrinum 15–18 ára og brot gegn 209. gr. almennra heg-
ningarlaga getur beinst gegn brotþolum óháð aldri. Þá er vakin athygli á því að í málaskrá
lögreglu getur eitt og sama mál verið skráð sem fleiri en ein tegund af kynferðisbroti og því
fallið í fleiri en einn fasa. Hér að aftan er að finna tölfræði yfir mál sem lokið var á umræddu
tímabili en slík nálgun er notuð þegar skoða á málsmeðferðartíma nálægt í tíma. Vert er að
hafa í huga að hver fasi getur innihaldið marga ferla og stöður innan máls, allt frá móttöku,
í rannsókn og ákærumeðferð.

Meðalmálsmeðferðartími allra kynferðisbrota hjá lögreglu* á árinu 2022 og til og með september 2023 (hér eru talin öll mál, líka þau mál sem farin eru til héraðssaksóknara til meðferðar):

Ár	Móttaka máls		Rannsóknarmeðferð		Ákærumeðferð		Alls	
	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála
2022	12,1	468	258,7	472	98,9	466	355,6	480
2023	9,6	326	276,9	331	107,2	323	381,1	334

* Þegar vísað er til lögreglu er átt við öll lögregluembætti í landinu.

Meðalmálsmeðferðartími kynferðisbrota gegn barni, þ.e. brot gegn 200.–202. og 204. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hjá lögreglu á árinu 2022 og til og með september 2023 (hér eru talin öll mál, líka þau mál sem farin eru til héraðssaksóknara til meðferðar):

Ár	Móttaka máls		Rannsóknarmeðferð		Ákærumeðferð		Alls	
	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála
2022	10,9	86	282,1	85	68,5	90	336,2	92
2023	8,1	67	323,9	68	95,6	64	410,8	69

Meðalmálsmeðferðartími blygðunarsemisbrota, sbr. 209. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hjá lögreglu á árinu 2022 og til og með september 2023 (hér eru talin öll mál, líka þau mál sem farin eru til héraðssaksóknara til meðferðar):

Ár	Móttaka máls		Rannsóknarmeðferð		Ákærumeðferð		Alls	
	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála
2022	19,9	94	281,1	88	85,3	88	361,1	94
2023	10,1	45	238,5	42	100,2	44	337,2	45

Meðalmálsmeðferðartími kynferðislegrar áreitni, sbr. 199. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hjá lögreglu á árinu 2022 og til og með september 2023 (hér eru talin öll mál, líka þau mál sem farin eru til héraðssaksóknara til meðferðar):

Ár	Móttaka máls		Rannsóknarmeðferð		Ákærumeðferð		Alls	
	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála
2022	12,2	69	195,9	70	83,1	67	283,5	71
2023	16,1	50	203,3	49	85,7	46	285,1	51

3. Hversu langan tíma tók hver afgreiðsla máls hjá héraðssaksóknara vegna brota á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, frá því að rannsókn máls lauk hjá lögreglu og þar til héraðssaksóknari tók ákvörðun um að fella málið niður eða gefa út ákæru? Oskað er eftir tölfræði fyrir árin 2022 og 2023 sundurliðað eftir því hvort brotþoli var barn eða fullorðinn einstaklingur.

Við framsetningu tölfræðinnar var leitast við að setja fram upplýsingar frá ríkislögreglu-stjóra og héraðssaksóknara með sambærilegum hætti. Tekinn var saman meðalmálsmeðferðartími þeirra brota sem óskað er eftir upplýsinga um og vísast til 4. tölul. fyrirspurnarinnar er það varðar.

4. Hver var meðalafgreiðslutími mála hjá héraðssaksóknara vegna brota á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, frá því að rannsókn máls lauk hjá lögreglu og þar til héraðssaksóknari tók ákvörðun um að fella málið niður eða gefa út ákæru? Óskað er eftir tölfræði fyrir árin 2022 og 2023 sundurliðað eftir því hvort brotþoli var barn eða fullorðinn einstaklingur.

Hér að aftan eru teknar saman upplýsingar um málsmeðferðartíma mála hjá héraðssaksóknara, þ.m.t. dómsmeðferð. Þegar vísað er til kynferðisbrota gegn börnum í neðangreindri tölfræði er átt við brot gegn 200.–202. gr. og 204. gr. almennra hegningarlaga. Eins og áður hefur komið fram var leitast við að setja fram upplýsingar frá ríkislögreglustjóra og héraðssaksóknara með sambærilegum hætti og því vísast til fyrri umfjöllunar um framsetningu tölfræðinnar í svari við 2. tölul. fyrirspurnarinnar.

Meðalmálsmeðferðartími allra kynferðisbrota hjá héraðssaksóknara á árinu 2022 og til og með september 2023, flokkað eftir því hvort mál var til ákærumeðferðar eða dómsmeðferðar:

Ár	Ákærumeðferð		Dómsmeðferð		Alls	
	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála
2022	176,1	171	223,9	59	262,8	171
2023	205,5	133	177,7	36	282,3	133

Meðalmálsmeðferðartími kynferðisbrota gegn barni, þ.e. brot gegn 200.–202. og 204. gr., hjá héraðssaksóknara á árinu 2022 og til og með september 2023, flokkað eftir því hvort mál var til ákærumeðferðar eða dómsmeðferðar:

Ár	Ákærumeðferð		Dómsmeðferð		Alls	
	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála
2022	161,4	43	207,6	19	237,5	43
2023	173,3	38	274,2	13	263,3	30

Meðalmálsmeðferðartími blygðunarsemisbrots, sbr. 209. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hjá héraðssaksóknara á árinu 2022 og til og með september 2023, flokkað eftir því hvort mál var til ákærumeðferðar eða dómsmeðferðar:

Ár	Ákærumeðferð		Dómsmeðferð		Alls	
	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála
2022	206,1	29	192,2	10	289	29
2023	242,6	25	206,9	9	293,2	25

Meðalmálsmeðferðartími kynferðislegrar áreitni, sbr. 199. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hjá héraðssaksóknara á árinu 2022 og til og með september 2023, flokkað eftir því hvort mál var til ákærumeðferðar eða dómsmeðferðar:

Ár	Ákærumeðferð		Dómsmeðferð		Alls	
	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála	Meðaltal daga	Fjöldi mála
2022	238,7	23	219,7	5	303,8	23
2023	165,5	21	178,1	11	307,9	21

5. *Hversu langan tíma tók málsmeðferð hvers brots sem féll undir XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, frá því að héraðssaksóknari ákvað að gefa út ákæru og þar til dómur var kveðinn upp fyrir héraðsdómstólum? Óskað er eftir tölfræði fyrir árin 2022 og 2023 sundurliðað eftir því hvort brotþoli var barn eða fullorðinn einstaklingur.*

Sjá svar við 4. tölul. fyrirspurnarinnar.

6. *Hver var meðalmálsmeðferðartími brota sem féllu undir XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, frá því að héraðssaksóknari ákvað að gefa út ákæru og þar til dómur var kveðinn upp fyrir héraðsdómstólum? Óskað er eftir tölfræði fyrir árin 2022 og 2023 sundurliðað eftir því hvort brotþoli var barn eða fullorðinn einstaklingur.*

Sjá svar við 4. tölul. fyrirspurnarinnar.